

1863.

8. júlím.

47. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum.

Samkvæmt því, sem yður var fyrir lagt í bréfi stjórnarráðsins 22. janúarm. 1861, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi yðar dags. 18. dag maím. þ. á. skýrt frá, hversu mikið farizt hafi í fjárkláðanum af ásauðarkúgildum á lènskirknajörðum á Íslandi eptir skýrslum þeim, sem þér um það efni hafið fengið frá hlutaðeigandi próföstum, og hvað hingað til hafi ágengt orðið með endurreisn hinna föllnu kúgilda. Af skýrslum þessum sést, að megnið af kúgildum þeim, sem fællu í fjárkláðanum á jörðum þessum, hefir verið skorið niður, sumpart með vilja og vitund hlutaðeiganda prests og sumpart án þess, en að annars er þegar að mestu leyti aptur búið að bæta kúgildamissi þenna, og það að mestu leyti á kostnað jarðarábúendanna. Þér hafið þar að auki getið þess, að kúgildafellir sá, sem orðið hefir, virðist að vísu eptir skýrslum þeim, sem þér hafið fengið, ekki að hafa hnekkð neitt töluvert lènskirkna-jarðagózinu, en öðru máli sè að gegna um suma af prestunum, sem hafa tekjurnar af jörðum þessum; því fyrst og fremst hafi þeir misst nokkurs í af tekjum sínum, er þeir hafi orðið að gefa leiguliðunum upp nokkurn hluta af leigunum, en um þann skaða hafi þeim þó verið sjalfrátt, og virðist því ekki vera ástæða til að útvega þeim neinar bætur í því skyni, en þaraðauki verði þeir neyddir til að koma upp kúgildunum aptur á sinn kostnað, sumpart fyrir þá sök, að leiguliðarnir ekki hafi efni til þess, jafnvel þó þeir sèu skyldir til að koma þeim upp, sumpart fyrir þá sök, að prestarnir sjálfir hafi gengizt fyrir niðurskurðinum, og álítið þér mjög æskilegt, að þessum prestum yrði veittur nokkur styrkur til að koma upp aptur kúgildunum. Enn hafið þér getið þess, að kirkjuportiónirnar að öllum jafnaði sèu litlar, en sauðfè komið í mjög hátt verð, og virðist því vera ógjörandi að verja nokkru af kirkjuportiónunum til að koma upp kúgildunum; þessvegna hafið þér stungið upp á, að varið

verði til þessa 400—500 rd. af því fè, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi, þannig að upphæð þessi yrði fengin stiptsyfirvöldunum til umráða til að útbýta henni á þann hátt, er þau álitu réttast, og ættu þau síðan að gjöra stjórnarráðinu skil fyrir, hvernig fènu hefði verið varið.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að eptir því, sem sagt er í áður greindu bréfi stjórnarráðsins, 22. janúarm. 1861, getur ekki orðið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum í þessu skyni, og að fara skal eptir þeim reglum, sem þar eru teknar fram, viðvíkjandi endurreisn þeirra ásauðarkúgilda, sem enn vantar. Skorar stjórnarráðið hérmeð á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um, að kúgildunum þannig verði komið upp svo bráðlega, sem unnt er, og að það verði fullbúið fyrir lok ársins 1864; vonast og stjórnarráðið eptir að fá þá skýrslu um þetta.

1863.
8. júlím.

48. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um menn úr heimaskóla, er gengu undir burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík.

10. júlím.

Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, hafði spurt um, hvort 3 menn úr heimaskóla, sem þetta ár höfðu beiðzt að mega ganga undir burtfararpróf við skólann, mættu fá leyfi til að ganga undir próf þetta, þó að þeir menn, er höfðu gefið þeim dimissions-vitnisburði, ekki hafi öðlazzt háskólaborgara réttindi; útaf þessu hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá því í bréfi 17. f. m. að þér, eptir því, sem ástatt var, og einkum fyrir þá sök, að hlutaðeigendur þegar höfðu lokið hinu skriflega prófinu, hafið leyft, að þeir einnig mættu ganga undir hinn munnlega hluta prófsins, en þó skyldi það komið undir úrskurði stjórnarráðsins, hvort þeir með því að útskrifast á þenna hátt öðluðust þau hin sömu réttindi, sem þeir menn hafa, er útskrifast úr skólanum, einkum ef svo færi, að þeir höldu áfram bókiðnum sínum við Kaupmannahafnar